

Vísað er til rafskeytis frá Sif Guðjónsdóttur (sjá hér að neðan) þar sem óskað er eftir umsögn minni um tillögur sem liggja fyrir stjórnlagaráði og varða kosningar til Alþingis. Í upphafi skal þó tekið fram að vegna umfangs málsins er ekki mögulegt að setja fram um það heildstæða greinargerð nema veittur sé til þess rýmri tími en er til ráðstöfunar ef ég skil rétt.

Lagatæknileg atriði

Við lestur tillögu C-nefndar „Um fyrirkomulag kosninga til Alþingis“ vekur athygli að samkvæmt 3. mgr. geta kjósendur [annaðhvort] valið með „persónukjöri hvaða frambjóðendur á landinu sem er óháð því hvort þeir bjóða sig fram á kjördæmislistum eða á landslistum ...“ án þess að frekari grein sé gerð fyrir því hvað í hugtakinu „persónukjör“ felist. Ekki er heldur reynt að skýra persónukjör í meðfylgjandi skýringu á ákvæðinu. Meðfylgjandi skýring á ákvæðinu bendir einnig til hins sama. Í 5. mgr. segir að binda meg tiltekinn fjölda þingsæta kjördæmum en þó aldrei fleiri en sem nemur 2/5 heildarfjölda þingsæta. Fátt er um skýringar á ákvæði þessu annað en það sem segir í skýringum að „umrædd þingsæti [séu] hugsuð sem lágmarkstrygging.“ Engin tilraun er gerð til að skýra hvaða hugsun liggja kjördæmatengingu þingsæta til grundvallar. Í heild er mjög erfitt að gera sér grein fyrir þeim efnisreglum sem fram koma í tillögunni. Lestur tillögunnar veitir þannig í raun mjög takmarkaða hugmynd um meginrætti kosningakerfisins. Þá sýnist textinn í raun veita hinum almenna löggjafa afar mikið svigrúm til mats. Núgildandi fyrirkomulag hefur aðallega verið gagnrýnt fyrir andlýðræðislegan óskýrleika. Þessi tillaga virðist ekki fela í sér framför í því efni.

Stefnumótun

Að frátaldri óljósri hugmynd um persónukjör kemur lítið fram um hugmyndalegan grundvöll tillögunnar. Í 4. mgr. segir reyndar að „Kjördæmin skul[i] vera fæst eitt en flest átta.“ Spyrja má hvort lesa beri úr þessu ákvæði að stefnt sé að því að gera landið að einu kjördæmi. Ef svo er ætti að vera hægt að kveða skýrar að orði í stjórnarskrártexta. Í heild er erfitt að leggja mat á tillöguna á hugmyndalegum grundvelli vegna þess hversu efni hennar er óljóst. Þannig er ómögulegt að gera sér grein fyrir því hvernig kosningakerfi á þessum grundvelli gætu litið út. Af þessu leiðir einnig að ómögulegt er að leggja mat á stjórn málafræðilegar afleiðingar kerfisins.

Aðferðarfræði

Eins og alkunna er þá hefur fyrirkomulag kosninga til Alþingis lengst af verið vandræðamál og breytingar verið illa lukkaðar að mati flestra. Því verður að telja óráðlegt að fara út í svo umfangsmikinn viðsnúning á núverandi fyrirkomulagi, eins og hér er lagt til, nema að undangengnum viðamiklum rannsóknum á lögfræðilegri, stjórn málafræðilegri og heimspekilegri hlið málsins. Á heimsþingi stjórn lagafræðinga sem ég sótti í Mexíkóborg í desember síðastliðnum var vinnustofa um fyrirkomulag kosninga víða um heim. Í ljós kom að mikið er óunnið í þeim efnum en margt hefur verið skoðað af fræðimönnum sem Íslendingar gætu nýtt sér og hugsanlega lært af reynslu annarra ef skoðað er í réttu samhengi.

Virðingarfyllt,
Ágúst Þór Árnason
[3. júlí 2011]